

Reglugerð

um breytingu á reglugerð nr. 528/2002 um fólksflutninga á landi

1. gr.

Hvar sem orðið „Vegagerðin“, í hvers konar beygingarfalli, kemur fyrir í reglugerðinni, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Samgöngustofa.

2. gr.

20. gr. reglugerðarinnar sem kveður á um akstur sérútbúinna bifreiða verður svo hljóðandi:

Samgöngustofa skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, sem m.a. eru ætlaðar til aksturs utan þjóðvega og eru notaðar í tengslum við ferðaþjónustu. Umsækjandi skal jafnframt hafa almennt rekstrarleyfi til fólksflutninga frá Samgöngustofu.

Til að öðlast leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða þarf bifreiðin að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Bifreiðin rúmi ekki fleiri en átta farþega.
2. Falla undir skilgreiningu torfærubifreiðar í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.
3. Hjólbarðastærð skal vera að lágmarki 780 mm.
4. Uppfylla kröfur sem gerðar eru til breyttra, sérútbúinna bifreiða í skoðunarhandbók ökutækja, s.s. um slökkvitæki og sjúkrakassa.
5. Leyfisskoðun árlega.

Leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða er einungis veitt til rekstraraðila og skal gilda í fimm ár, þó aldrei lengur en gildistími almenna rekstrarleyfisins til fólksflutninga. Leyfið er óframseljanlegt. Ökutæki skulu vera merkt rekstraraðila.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 18. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi nr. 73/2001, öðlast þegar gildi.